

ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Norðfjarðar, bæjarstjórnar Neskaupstaðar og hreppsnefndar Norðfjarðar.

### 3. gr.

Öllum er óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Vörubílstjórafélags Norðfjarðar utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi, né kaupandi vörunnar, sem flutt er. Vörubifreiðar, sem aka frá stöðinni, skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

### 4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélag Norðfjarðar viðtöku nýjum umsóknnum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, ef fjöldi leigubifreiða er kominn niður fyrir töluna 15, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, uns framangreindu marki er náð.

### 5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs. Auk þess nær reglugerðin ekki til mjólkurflutninga úr Norðfjarðarhreppi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 29. ágúst 1974.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

### um afgreiðslutíma Kópavogs Apóteks.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Kópavogs Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga til föstudaga kl. 9—19 á tímabilinu 1. október til 31. maí.

Laugardaga, aðfangadag og gamlársdag kl. 9—12.

Á tímabilinu 1. júní til 30. september er heimilt að loka á laugardögum.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. ágúst 1974.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Almar Grimsson.*